


Þróun námukerfis - námufrágangur

Hafdís Eygló Jónsdóttir og Hersir Gíslason
Vegagerðin, rannsóknadeild

Fram á níunda áratuginn voru upplýsingar um námur Vegagerðarinnar geymdar á spjaldskrá, en fyrsta tölvuskráða námukerfi stofnunarinnar leit dagsins ljós árið 1983. Það kerfi var aðallega byggt upp sem gagnabanki fyrir rannsóknaniðurstöður sýna en almennar upplýsingar um námur voru mjög takmarkaðar. Oft var bara námuheiti og námunúmer skráð.

Árið 1997 var ráðist í að hanna nýtt námukerfi til skráninga á almennum upplýsingum um námur. Í framhaldi af því voru upplýsingar færðar úr gamla kerfinu yfir í það nýja sem er sett upp í ÍsVís, sem er vegupplýsingakerfi Vegagerðarinnar. Sama ár var byrjað á því að safna upplýsingum um allar efnisnámur í landinu. Nú er skráningu lokið í öllum umdæmum Vegagerðarinnar og einu svæðin sem eftir er að skrá eru á hálendinu. Námurnar voru m.a. GPS mældar og einnig voru teknar ljósmyndir. Gögnin eru geymd í ÍsVís, gagnagrunni Vegagerðarinnar og forritið MapInfo er notað til að kalla fram upplýsingar á myndrænan hátt. Nýja kerfið er mun notendavænna en það gamla og sömuleiðis geymir það mun ýtarlegri upplýsingar. Í námukerfi Vegagerðarinnar eru nú þegar skráðar 3040 námur og 90% þeirra eru setnámur en einungis 10% bergnámur.



Mynd 1. Allar efnisnámur á Íslandi sem skráðar eru í gagnagrunn Vegagerðarinnar skipt eftir umdæmum

Þetta eru ekki bara vegagerðarnámur heldur allar námur á landinu og margar þeirra eru ekki lengur í notkun. Mikill fjöldi af þessum námum eru litlar og er efnismagn í allmörgum orðið mjög lítið eða efni jafnvel búið.

Meginhlutverk námukerfisins er að halda utan um almennar upplýsingar um námur auk þess sem rannsóknakerfi Vegagerðarinnar vinnur með kerfinu. Námukerfið er byggt upp á 7 skjámyndum og eru fyrstu þrjár skjámyndirnar með almennum upplýsingum um námuna, gerð hennar og staðsetningu. Í öðrum skjámyndum eru m.a. upplýsingar um hæfi efnisins, birgðastöðu í námum, landeiganda og námurétthafa.



Mynd 2. Allar efnisnámur á Íslandi sem skráðar eru í gagnagrunn Vegagerðarinnar

Námukerfi Vegagerðarinnar er eini ítarlegi gagnagrunnurinn á Íslandi með almennum upplýsingum um námur. Ýmsir aðilar utan Vegagerðarinnar, t.d. verktakar og verkfræðistofur hafa sýnt því talsverðan áhuga að fá upplýsingar úr kerfinu. Sveitarfélögin hafa einnig nýtt sér þennan grunn með því að fá upplýsingar varðandi námur vegna vinnu við aðalskipulag.

Samkvæmt lögum um Náttúruvernd hvílir sú skylda á hverjum námurétthafa að ganga frá gömlum efnistökusvæðum sem hann hefur nýtt og er hættur að nota. Árið 2000 hóf Vegagerðin skipulegan frágang á eldri efnistökusvæðum sem Vegagerðin hefur nýtt og ekki eru lengur í notkun. Á næstunni verður gerð langtímaáætlun til 15 ára um frágang á eldri efnistökusvæðum Vegagerðarinnar. Í námukerfinu eru tölulegar upplýsingar er varða frágang efnisnáma. Um 35% af öllum námum á landinu eru ófrágengnar, 20% eru hálffrágengnar og 45% frágengnar.

Safnað hefur verið upplýsingum um það hvernig ófrágengnar námur skiptast á milli Vegagerðarinnar og annarra aðila. Samkvæmt skránni þá á Vegagerðin eftir að ganga frá 1154 námum, eða 69%. Í mörgum tilfellum er það svo með þessar námur að það er ekki bara Vegagerðin sem hefur nýtt þær, heldur einnig fleiri aðilar. Þannig er frágangurinn á þeim námum sem eru merktar Vegagerðinni oft á tíðum á ábyrgð fleiri aðila.

Í námukerfinu eru skráð GPS hnit náma og einnig eru þær staðsettar eftir stöðvum á vegakerfinu. Því er hægt að sýna ýmsar upplýsingar úr námukerfinu, svo sem stöðu frágangs á kortum og loftmyndum. Á næsta ári verða birtar ýmsar upplýsingar úr námukerfinu á heimasíðu Vegagerðarinnar.